

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Að bifreiðastöður verði bannaðar á eftirtöldum götum og vegarköflum:

1. Dalbraut á milli Stillholts og Esjubrautar en bannið tekur ekki til þeirra íbúðahúsa-botnlanga sem teljast til Dalbrautar.
2. Smiðjuvellir en bannið tekur ekki til götubotnlanga sem teljast til Smiðjuvalla.
3. Kalmansvellir.
4. Ketilsflöt.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

*Sýslumaðurinn á Akranesi, 12. júlí 2007.*

**Ólafur Þ. Hauksson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2007